



**144. fundur
leikskólanefndar
haldinn í leikskólanum Austurkór,
15. september 2022 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Matthías Páll Imsland, Árnína Steinunn Kristjánsdóttir, Hermann Ármannsson, Jóhanna Pálsdóttir, Hreiðar Oddsson, Karen Rúnarsdóttir, Bryndís Baldvinsdóttir, Sigríður Kristín Sigurðardóttir, Guðrún B I le Sage de Fontenay, Indriði Ingi Stefánsson, Anna Birna Snæbjörnsdóttir og Sigurlaug Bjarnadóttir.

Fundargerð ritaði: Sigurlaug Bjarnadóttir, deildarstjóri Leikskóladeildar

Harpa Dís Jónsdóttir leikskólastjóri í Austurkór kynnti starfsemi og áherslur í starfi leikskólans. Leikskólanefnd þakkar fyrir góða kynningu og veitingar á fundinum.

Dagskrá:

1. 2002676 - Stefnumótun - nefndir ráð

Encho Plamenov Stoyanov verkefnastjóri og Auður Finnbogadóttir verkefnastjóri stefnumótunar kynna drög af loftlagsstefnu Kópavogsbæjar og óska eftir umsögn leikskólanefndar.

Leikskólanefnd fagnar tillögunum og lýsir yfir stuðningi á stefnunni og innleiðingu hennar.

2. 2002676 - Stefnumótun - nefndir ráð

Auður Finnbogadóttir verkefnastjóri stefnumótunar kynnir heildarstefnu Kópavogsbæjar.

Auður Finnbogadóttir, verkefnastjóri stefnumótunar kynnti vinnu við innleiðingu mótunar heildarstefnu Kópavogsbæjar.

3. 2209272 - Fyrirspurn Karenar Rúnarsdóttur áheyrnarfulltrúa SAMLEIK

Lagt fram.

Minnisblað lagt fram um stöðuna á starfsemi leikskóla bæjarins við upphaf nýs skólaárs.

4. 2209392 - Erindi frá Samleik - fyrirkomulag samskipta við foreldra

Fyrirspurn frá Karen Rúnarsdóttur um fyrirkomulag samskipta SAMLEIK við foreldra.

Leikskólanefnd visar málinu til menntasviðs til úrvinnslu.

5. 2204589 - Starfsáætlanir Austurkór 2021-2023

Starfsáætlun leikskólans Austurkórs fyrir skólaárið 2022-2023 lögð fram til samþykktar.

Leikskólanefnd samþykkir starfsáætlun leikskólans Austurkórs með fyrirvara um samþykki foreldraráðs.

6. 2204667 - Starfsáætlanir Dalur 2021-2023

Starfsáætlun leikskólans Dals fyrir skólaárið 2022-2023 lögð fram til samþykktar.

Leikskólanefnd samþykkir starfsáætlun leikskólans Dals.



7. 2204679 - Starfsáætlanir Fagrabrekka 2021-2023
Starfsáætlun leikskólans Fögrubrekku fyrir skólaárið 2022-2023 lögð fram til samþykktar.
Leikskólanefnd samþykkir starfsáætlun leikskólans Fögrubrekku.
8. 1206392 - Reglur Kópavogsbæjar um dvöl barna hjá dagforeldrum
Lagt fram.
Frestað til næsta fundar.
9. 2204074 - Daggæsla-Umsókn og endurnýjun á leyfi. Þjónustusamningar 2021-2023
Umsókn um endurnýjun á leyfi til daggæslu barna í heimahúsi lagt fram til samþykktar.
Leikskólanefnd samþykkir endurnýjun á leyfi til daggæslu barna í heimahúsi.
10. 2204308 - Erindi frá leikskólastjórum - bætt öryggi barna í leikskólum Kópavogs
Lagt fram.
Leikskólanefnd vísar málinu til menntasviðs.
11. 2209394 - Uppbygging leikskóla sem er framundan
Lagt fram til umræðu.
Rætt var um rekstarform og uppbyggingu á nýjum leikskólum. Leikskólanefnd felur menntasviði að skoða fjölbreytið rekstarform leikskóla sem fyrirhugað er að byggja.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:00.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____